

Lýðhaskólinn á Flateyri

- Erindi til bæjarráðs Ísafjarðarbæjar



Flateyri, 16. ágúst 2018

Fyrir hönd Lýðhaskólans á Flateyri er óskað eftir því að bæjarráð Ísafjarðarbæjar fjalli um eftirfarandi erindi:

1. Lýðhaskólinn á Flateyri óskar eftir endurgjaldslausum afnotum af íþróttahúsi Flateyrar laugardaginn 22. september. Þann dag er áætlað að fram fari skólasetning Lýðhaskólans á Flateyri og auk forseta Íslands, sveitastjórnarfólks í heimabyggð og ráðherra og alþingismanna, er gert ráð fyrir nokkru fjölmenni við setninguna.

Formleg skólasetning fer fram kl. 1.30-2.30 en óskað er eftir því að Lýðhaskólinn hafi húsið til afnota frá föstudagskvöldi 21. september til sunnudagsins 23. september til undirbúnings og frágangs að skólasetningu lokinni.

2. Lýðhaskólinn á Flateyri óskar eftir endurgjaldslausum afnotum af íþróttahúsi Flateyrar í alls 10 klst á viku skólaárið 2018-2019 til skipulagningar á íþróttaiðkun og -viðburðum fyrir nemendur Lýðhaskólans.

Þess skal getið að í hvívetna verður þess gætt að bjóða íbúum Flateyrar og nærliggjandi sveitarfélaga til sameiginlegrar íþróttaiðkunar og -viðburða og nýtist þessi aðstaða því ekki aðeins nemendum Lýðhaskólans og verður að vonum mikil lyftistöng fyrir félags- og íþróttalíf bæjarins og mun stuðla að heilbrigðri og jákvæðri samveru í bæjarfélaginu.

Með vegsemd og virðingu,

Helena Jónsdóttir
Skólastjóri Lýðhaskólans á Flateyri
skolastjori@lydflat.is
s. 661 7808

